

KJARASAMNINGUR

milli
RSÍ vegna FÍS
og
Já hf

1. gr

Gildistími

Kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember 2018 með þeim breytingum sem í þessum samningi felast.

2. gr.

Laun

Launataxtar

Í stað gildandi launataxta koma nýir taxtar sbr. fylgiskjal 1. Launataxtar gilda frá 1. maí 2015, 1. maí 2016, 1. maí 2017 og 1. maí 2018.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbætur

Desemberuppbót miðað við fullt starf verður eftirfarandi:

Árið 2015 kr. 87.100
Árið 2016 kr. 91.500
Árið 2017 kr. 96.000
Árið 2018 kr. 100.000

Orlofsuppbót miðað við fullt starf verður eftirfarandi:

Árið 2015 kr. 42.000
Árið 2016 kr. 44.500
Árið 2017 kr. 46.500
Árið 2018 kr. 48.000

4. gr.

Viðbót við gr. 15.1

Þegar um tímabundnar ráðningar er að ræða skal við það miðað að skrifleg staðfesting ráðningar liggi fyrir áður en til fyrstu launaútborgunar kemur.

Handwritten initials in purple ink, possibly "KH" and "UK".

Viðbót við gr. 2.9.2

Þegar starfsmenn eru beðnir um að koma til vinnu á öðrum tíma en fyrirfram ákveðið vaktaplan gefur til kynna skal greiða starfsmanni það vaktaálag sem ella hefði verið greitt, færast vakt á tímabil með lægra vaktaálagi eða dagvinnu.

5.gr

Samningsforsendur

Verði breyting á þeim forsendum sem kjarasamningar VR, LÍV, SGS, Eflingar, VSFK og Hlífar frá 29. maí 2015 hvíla á og þær leiði til breytinga eða þess að samningar falli úr gildi munu samsvarandi breytingar gilda um samning þennan.

6. gr

Gildistími og atkvæðagreiðsla

Kjarasamningur þessi gildir til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins fyrir kl. 16 þann 10. september 2015.

Reykjavík, 24. ágúst 2015

F.h. samninganefndar Já hf. /
Samtaka Atvinnulífsins

Kristján Jónsson
Wjartanninn
See

F.h. samninganefndar starfsmanna Já hf. /
Rafiðnaðarsambands Íslands, Félags íslenskra
símamanna

Kristján Þórður Þorgeirsson
Einar SR
Dagný Arsd. Pind
Ragnheiður Lítla Andmúndsd.
Sunna Sveinsdóttir
Birna D. Granz

Fylgiskjal 1

Launatafla 1. maí 2015

	1 = 0-6 mán	2 = 6 mán	3 = 1 ár	4 = 3 ár	5 = 5 ár
Flokkur 14	243.742	248.601	253.607	258.762	264.072
Flokkur 15	248.601	253.607	258.762	264.072	267.794
Flokkur 16	253.607	258.762	264.072	267.794	273.426
Flokkur 17	258.762	264.072	269.544	275.176	280.979
Flokkur 18	264.072	267.794	273.426	279.229	285.207
Flokkur 19	267.794	273.426	279.229	285.207	291.364
Flokkur 20	273.426	279.229	285.207	291.364	297.703

Launatafla 1. maí 2016

	1 = 0-6 mán	2 = 6 mán	3 = 1 ár	4 = 3 ár	5 = 5 ár
Flokkur 14	258.742	263.601	268.607	273.762	279.072
Flokkur 15	263.601	268.607	273.762	279.072	282.794
Flokkur 16	268.607	273.762	279.072	282.794	288.464
Flokkur 17	273.762	279.072	284.544	290.311	296.433
Flokkur 18	279.072	282.794	288.464	294.587	300.893
Flokkur 19	282.794	288.464	294.587	300.893	307.389
Flokkur 20	288.464	294.587	300.893	307.389	314.077

Launatafla 1. maí 2017

	1 = 0-6 mán	2 = 6 mán	3 = 1 ár	4 = 3 ár	5 = 5 ár
Flokkur 14	270.385	275.463	280.694	286.081	291.630
Flokkur 15	275.463	280.694	286.081	291.630	295.520
Flokkur 16	280.694	286.081	291.630	295.520	301.445
Flokkur 17	286.081	291.630	297.348	303.375	309.772
Flokkur 18	291.630	295.520	301.445	307.843	314.434
Flokkur 19	295.520	301.445	307.843	314.434	321.222
Flokkur 20	301.445	307.843	314.434	321.222	328.210

Launatafla 1. maí 2018

	1 = 0-6 mán	2 = 6 mán	3 = 1 ár	4 = 3 ár	5 = 5 ár
Flokkur 14	278.497	283.727	289.115	294.664	300.379
Flokkur 15	283.727	289.115	294.664	300.379	304.385
Flokkur 16	289.115	294.664	300.379	304.385	310.489
Flokkur 17	294.664	300.379	306.269	312.476	319.065
Flokkur 18	300.379	304.385	310.489	317.078	323.867
Flokkur 19	304.385	310.489	317.078	323.867	330.858
Flokkur 20	310.489	317.078	323.867	330.858	338.056

GU
KMP

Bókanir

Bókun um uppfærslu heildarkjarasamnings

Heildarkjarasamningur verður uppfærður að lokinni undirritun kjarasamnings. Vinna við uppfærsluna er hafin og skal henni ljúka fyrir 1. nóvember 2015.

Bókun vegna vinnuslysa

Fyrir neðan 1.mgr. þess kafla sem fjallar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma komi skýringarkassi:

Skýring:

Óvinnufærni af völdum slyss getur heldur komið fram strax eftir slys eða síðar. Um sönnun og orsakatengsl fer samkvæmt almennum reglum.

Bókun um dánar-, slysa- og örorkutryggingar

Skýlt er atvinnurekanda að tryggja launafólk það, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis sem og frá vinnustað og til vinnustaðar í neysluhléum. Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

Bókun vegna starfa erlendis

Ákvæðið um slys af völdum vélknúinna ökutækja í dánar-, slysa- og örorkutryggingakafla kjarasamninga breytist þannig:

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi og eru bótaskyld samkvæmt lögboðinni ökutækjatryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum.

Bókun um útreikning veikindaréttar

Fyrir neðan ákvæði um laun í veikindum (heildarréttur á 12 mánaða tímabili) komi skýringarkassi:

Skýring:

Veikindaréttur miðast við greidda veikindadaga á 12 mánaða launatímabili. Þegar starfsmaður verður óvinnufær er við upphaf veikinda litið til þess hversu margir dagar hafa verið greiddir á síðustu 12 launamánuðum og dragast þeir frá áunnum veikindarétti. Hafi starfsmaður verið launalaus á tímabili telst það tímabil ekki með við útreikning.

UBH
KH

Bókun um samfellt starf og áunnin réttindi

Með „samfelldu starfi“ í skilningi kjarasamninga er átt við að starfsmaður hafi verið í samfelldu ráðningarsambandi óháð því hvort hann hafi fallið tímabundið af launaskrá. Launalaust tímabil telst þó ekki hluti ráðningartíma við ávinnslu réttinda, ákveði lög eða kjarasamningar ekki annað sbr. t.d. lögbundið fæðingarorlof.

Bókun um endurskoðun orlofslaga

Verði gerð breyting á orlofslögum á samningstímanum munu samningsaðilar innleiða þá breytingu eftir því sem við á.

Bókun um tjón á tönnum við vinnuslys

Verði gerð breyting á váttryggingaskilmálum tryggingafélaga t.d. vegna tjóna á tönnum við vinnuslys skal Já gera sambærilegar breytingar vegna starfsmanna Já.

KM
LH